

261. fundur

Miðvikudaginn 12. mars 2014, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 260. fundar og dagskrá.

Athugasemdir við fundargerð 260. fundar lagðar fram og síðan samþykkt. Dagskrá lögð fram og hún samþykkt.

2. Verðlagning ógerilsneyddrar mjólkur til vinnslu.

Lögð var fram tillaga um verðlagningu á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli til vinnslu, sem byggist á útreikningum Einars Hafliða Einarssonar, löggilts endurskoðenda Deliotte, frá síðasta fundi. Tillaga er um að heildsöluverð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli verði 91,40 kr. per líter. Í tillögunni er gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild eins og hún er reiknuð í núverandi verðlagningarkerfi. Þar er tekið tillit til þeirra kostnaðarliða sem falla til en þeir liðir eru; mjólkurhræfni 82,92 kr./ltr., hlutdeild í launakostnaði 3,03 kr./ltr., flutningi og dreifingu 1,10 kr./ltr. Einnig hlutdeild í öðrum kostnaði eins og rannsóknnum og eftirliti, orkukostnaði, skrifstofu- og bókhaldskostnaði og 5% hluteild í föstum kostnaði, samtals 4,35 kr./ltr., eða samanlagt **91,40 kr./ltr.** (82,92+3,03+1,10+4,35) fyrir ógerilsneydda mjólk í lausu máli. Tillagan var samþykkt samhljóða og tekur verðlagningin gildi 1. apríl n.k. Frá sama tíma mun því verð á mjólk í lausu máli í verðskrá, eingöngu gilda fyrir gerilsneydda mjólk.

3. Gestur fundarins: Benedikt Árnason, formaður „fastanefndar“ í forsætisráðuneytinu.

Benedikt var fenginn til að kynna áherslur aðila vinnumarkaðarins um mikilvægi þess að afnema vísitöluhækkanir á vörum og þjónustu. Hann sagði frá tilurð nefndar sem skipuð er 15 fulltrúum frá hinu opinbera, sveitarfélögum og heildarsamtökum aðila á vinnumarkaði. Hlutverk hennar er að hafa yfirsýn yfir regluleg samskipti þessara aðila og vera vettvangur hugmynda og skoðanaskipta um sameiginleg hagsmunamál. Nefndin hefur til skoðunar haftamál gjaldeyrisins, verðlagsmál þar sem leitað er leiða til að draga úr sjálfvirkum hækkunum og kanna launa- og verðlagsþróun. Áhersla hefur verið mest á fjárskuldbindingar og sjálfvirka verðtryggingar, m.a. hjá ríkinu.

4. Önnur mál.

Lagðir voru fram útreikningar á þróun vöruverðs á mjólkurafurðum frá árinu 2009.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir